

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/33/EB

frá 22. júní 1998

um breytingu á 12. gr. tilskipunar ráðsins 77/780/EBE um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana, 2., 5., 6., 7., 8. gr. og II. og III. viðauka tilskipunar ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana og 2. gr. og II. viðauka tilskipunar ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslíð 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í fyrstu tilskipun ráðsins 77/780/EBE frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana⁽⁴⁾ er það heimilað að lögbær yfirvöld og tiltekin önnur yfirvöld eða stofnanir skiptist á upplýsingum innan aðildarríkis eða milli aðildarríkja. Samkvæmt fyrrnefndri tilskipun geta aðildarríki einnig gert samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum. Vegna samræmisins er æskilegt að rýmka leyfið til að semja um upplýsingaskipti við þriðju lönd þannig að það gildi einnig um upplýsingaskipti við tiltekin önnur yfirvöld eða stofnanir í þeim löndum, að því tilskildu að nægileg trygging sé fyrir því að viðeigandi þagnarskylda gildi um þessar upplýsingar.

2) Í tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989 um eiginfjárlutfall lánastofnana⁽⁵⁾ er eignum og liðum utan efnahagsreiknings gefið vægi með tilliti til þess hve mikil lánsáhættan er.

3) Kirkjur og trúfélög, sem teljast lögpersónur samkvæmt opinberum rétti og innheimta skatta, í samræmi við lög sem veita þeim slíkan rétt, hafa svipaða lánsáhættu og sveitarstjórnir og svæðisyfirvöld. Þess vegna er rétt að veita lögbærum yfirvöldum möguleika á að fara með kröfur á kirkjur og trúfélög á sama hátt og kröfur á sveitarstjórnir og svæðisyfirvöld, þar sem kirkjur og trúfélög innheimta skatta. Þó skal sá kostur að láta 0% vægi gilda um kröfur á sveitarstjórnir og svæðisyfirvöld ekki ná yfir kröfur á kirkjur og trúfélög eingöngu á grundvelli réttarins til að innheimta skatta.

4) Samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB frá 15. mars 1994 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölpjódögum þróunarbönkum“⁽⁶⁾ gildir sú skilgreining um Fjárfestingarsjóð Evrópu. Sjóðurinn hefur í för með sér nýja og sérstæða tegund samvinnu í Evrópu og getur styrkt hinn innri markað, stuðlað að efnahagsbata í Evrópu og eflt efnahags- og félagslega samheldni.

5) Í skilningi 7. tölul. d-liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/647/EBE er rétt að láta 100% vægi gilda fyrir þann hluta sem er óinnborgaður af því fjármagni sem lánastofnanir skráðu sig fyrir hjá Fjárfestingarsjóði Evrópu.

6) Það fjármagn í Fjárfestingarsjóði Evrópu, sem lánastofnanir eiga rétt á að skrá sig fyrir, er bundið við 30% og þar af skal upphafleg innborgun nema 20% og skiptast í fjórar ársgreiðslur sem hver nemur 5%. Samkvæmt því skulu 80% ekki innborguð en vera ábyrgðarskuldbinding aðila að sjóðnum. Með hliðsjón af yfirlýstu markmiði leiðtogaráðsins með stofnun sjóðsins, sem var að hvetja viðskiptabanka til að eiga aðild að honum, er ekki rétt að refsa fyrir slíka aðild og því er heppilegra að láta 20% vægi gilda gagnvart þeim hluta skráðs fjármagns sem hefur ekki verið innborgaður.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/98 frá 1. desember 1998 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB C 208, 19. 7. 1996, bls. 8 og Stjtið. EB C 259, 26. 8. 1997, bls. 1.

(2) Stjtið. EB C 30, 30. 1. 1997, bls. 13.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 10. apríl 1997 (Stjtið. EB C 132, 28. 4. 1997, bls. 234), sameiginleg afstaða ráðsins frá 9. mars 1998 (Stjtið. EB C 135, 30. 4. 1998, bls. 32) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. apríl 1998 (Stjtið. EB C 152, 18. 5. 1998). Ákvörðun ráðsins frá 19. maí 1998.

(4) Stjtið. EB L 322, 17. 12. 1977, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/13/EB (Stjtið. EB L 66, 16. 3. 1996, bls. 15).

(5) Stjtið. EB L 386, 30. 12. 1989, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/32/EB (Stjtið. EB L 204, 21. 7. 1998, bls. 29).

(6) Stjtið. EB L 89, 6. 4. 1994, bls. 17.

- 7) Í I. viðauka við tilskipun 89/647/EBE, sem fjallar um flokkun liða utan efnahagsreiknings, eru tilteknir liðir flokkaðir undir mikla áhættu og því er 100% vægi látið gilda um þá. Í 4. mgr. 6. gr. sömu tilskipunar segir: „Þegar ótvíræðar ábyrgðir eru fyrir liðum utan efnahagsreiknings skulu þeir fá vægi ábyrgðarveitanda frekar en mótaðila. Þegar hugsanleg áhætta, sem stafar af viðskiptum utan efnahagsreiknings, er að fullu tryggð, að mati lögbærra yfirvalda, með eignum sem viðurkenndar eru sem trygging samkvæmt 7. tölul. a-liðar eða 11. tölul. b-liðar í 1. mgr. skal vægið vera 0% eða 20% eftir því hver tryggingin er.“
- 8) Greiðslujöfnun afleiddra skjala, sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, á greiðslujöfnunarstöðum, sem gegna hlutverki helsta mótaðila, gegnir mikilvægu hlutverki í tilteknum aðildarríkjum. Rétt er að viðurkenna kosti slíkrar greiðslujöfnunar með tilliti til lækkunar lánsáhættu og kerfisáhættu við varfærnis meðferð lánsáhættu. Nauðsynlegt er að núverandi og hugsanleg framtíðarlánsáhætta, sem stafar af greiðslujöfnuðum samningum um afleidd skjöl sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, sé að fullu tryggð og að hættan á að greiðslujöfnunarstöðin safni upp áhættu, umfram markaðsvirði tilkynnta veðsins, sé útilokuð svo að hægt sé að láta greiðslujöfnuð afleidd skjöl sem verslað er með utan verðbréfamarkaða fá sömu varfærnis meðferð, á tilteknum aðlögunartíma, og framvirka samninga sem verslað er með á verðbréfamarkaði. Lögbær yfirvöld skulu vera samþykk kröfum um upphaflegt tryggingarfé og síðari kröfum um tryggingarfé og um áreiðanleika og umfang verndarinnar sem felst í þeirri tryggingu sem er sett.
- 9) Einnig ber að taka tillit til þeirra tilvika þegar trygging er sett með veði í fasteign í skilningi 1. tölul. c-liðar 1. mgr. 6. gr. að því er varðar liði utan efnahagsreiknings sem eru ábyrgðir eða tryggingar sem eru í eðli sínu lánsígildi.
- 10) Í skilningi 2., 4. og 7. tölul. a-liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/647/EBE er núllvægi látið gilda fyrir eignaliði sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði A, eða slíkir aðilar ábyrgjast sérstaklega og fyrir eignaliði sem eru tryggðir með veði í formi verðbréfa ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði A. Í skilningi 1. mgr. 7. gr. sömu tilskipunar geta aðildarríkin, með tilteknum skilyrðum, látið núllvægi gilda fyrir eignaliði sem eru kröfur á eigin svæðis- og sveitarstjórnir og fyrir kröfur á þriðju aðila og liði utan efnahagsreiknings, sem þriðju aðilar stofna til, en áður nefndar héraðs- og sveitarstjórnir eru í ábyrgð fyrir.
- 11) Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 89/647/EBE er mælt fyrir um að aðildarríkin megi beita 20% vægi gagnvart eignaliðum sem að mati viðkomandi lögbærra yfirvalda hafa fullnægjandi tryggingu með veði í verðbréfum útgefnum af héraðs- eða sveitarstjórnnum á svæði A. Rétt er að líta á veð í formi verðbréfa, sem héraðs- eða sveitarstjórnir aðildarríkjanna gefa út, sem tryggingu af hálfu téðra héraðs- og sveitarstjórna í skilningi 1. mgr. 7. gr. með það fyrir augum að lögbær yfirvöld geti látið núllvægi gilda fyrir eignaliði og liði utan efnahagsreiknings sem eru tryggðir með slíku veði, einnig háð skilyrðunum sem eru sett í sömu málsgrein.
- 12) Í II. viðauka við tilskipun 89/647/EBE er mælt fyrir um meðferð þeirra liða utan efnahagsreiknings sem eru almennt kallaðir afleidd skjöl sem verslað er með utan verðbréfamarkaða og varða vexti og gjaldeyrisgengi við útreikning á eiginfjárkröfum lánastofnana.
- 13) Nú eru a-liður 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 2. gr., b-liður 3. mgr. 2. gr., 6. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar og viðaukinn við hana í samræmi við þá vinnu, sem fram hefur farið á alþjóðavettvangi meðal bankaeftirlitsyfirvalda í þeim tilgangi að skilgreina nákvæmara og að sumu leyti strangara eftirlit með lánsáhættu sem fylgir afleiddum skjölum, sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, einkum með það í huga að láta skyldubundnar eiginfjártryggingar ná til afleiddra skjala, sem verslað er með utan verðbréfamarkaða og varða skjöl sem liggja til grundvallar, önnur en þau sem snerta vexti og gjaldeyrisgengi, auk þess að gera ráð fyrir þeim möguleika að tekið sé tillit til áhættuminnkandi áhrifa greiðslujöfnunarsamninga, sem lögbær yfirvöld viðurkenna, þegar reiknaðar eru út eiginfjárkröfur í framtíðinni vegna hugsanlegrar lánsáhættu sem fylgir afleiddum skjölum sem verslað er með utan verðbréfamarkaða.
- 14) Að því er varðar lánastofnanir sem starfa á alþjóðavettvangi og hópa lánastofnana í fjölda þriðju landa, sem keppa við lánastofnanir í bandalaginu, hafa reglur, sem samþykktar eru á alþjóðavettvangi, í för með sér nákvæmara eftirlit með afleiddum skjölum sem verslað er með utan verðbréfamarkaða. Nákvæmara eftirlit hefur í för með sér hæfilegri skyldubundna eiginfjártryggingu þar sem tekið er tillit til áhættuminnkandi áhrifa greiðslujöfnunarsamninga, sem eftirlitsyfirvöld viðurkenna, að því er varðar hugsanlega lánsáhættu í framtíðinni.
- 15) Að því er varðar lánastofnanir í bandalaginu er samskonar nákvæmt eftirlit með afleiddum skjölum, sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, að meðtöldum möguleikanum á að taka tillit til áhættuminnkandi áhrifa greiðslujöfnunarsamninga sem eftirlitsyfirvöld viðurkenna, að því er varðar hugsanlega lánsáhættu, aðeins mögulegt ef tilskipun 89/647/EBE er breytt.
- 16) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja, sem eiga í samkeppni í bandalaginu, er nauðsynlegt að samræma eftirlit með starfsemi þeirra á sviði afleiddra skjala sem verslað er með utan verðbréfamarkaða og það er ekki hægt að gera nema

með því að aðlaga tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjákröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ⁽¹⁾.

- 17) Samþykkt þessarar tilskipunar er hentugasta leiðin til að ná settu marki og gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að því verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 77/780/EBE komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkjum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, eins og skilgreint er í 5. mgr. a, að um upplýsingarnar ríki þagnarskylda í að minnsta kosti sama mæli og um getur í þessari grein. Slík upplýsingaskipti skulu eiga sér stað við eftirlit áðurnefndra yfirvalda eða stofnana.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.“

2. gr.

Tilskipun 89/647/EBE er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Við 1. mgr. bætist eftirfarandi undirliður:

„- „viðurkennd verðbréfaþing“: verðbréfaþing sem eru viðurkennd af lögbærum yfirvöldum og:

- i) starfa reglulega,
- ii) fara eftir reglum, sem eru gefnar út eða samþykktar af viðeigandi yfirvöldum í landinu þar sem verðbréfaþingið er skráð, þar sem skilgreind eru rekstrarskilyrði verðbréfaþingsins, skilyrði fyrir aðgangi að því og enn fremur þau skilyrði sem samningur þarf að uppfylla eigi hann að ganga kaupum og sölum á verðbréfaþinginu,
- iii) hafa greiðsluöfnunarkerfi sem felur í sér að daglegar kröfur um tryggingarfé vegna samninganna sem um getur í III. viðauka veiti nægilega vernd að mati lögbærra yfirvalda.“

- b) Við 2. mgr. bætist eftirfarandi undirgrein:

„Lögbær yfirvöld geta einnig látið kirkjur og trúfélög, sem hafa verið stofnuð sem lögpersónur samkvæmt opinberum rétti, falla undir hugtakið héraðs- og sveitarstjórnir að svo miklu leyti sem þau innheimta skatta í samræmi við lög sem veita þeim slíkan rétt. Í því tilviki gildir þó ekki möguleikinn sem um getur í 7. gr.“

2. Í 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi í stað fyrsta málslíðar:

„3. Þegar um er að ræða liði utan efnahagsreiknings, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., skal reikna hugsanlegan kostnað við að endurnýja samninga vegna vanskila mótaðila með annarri af þeim tveimur aðferðum sem greint er frá í II. viðauka.“

3. Ákvæði 6. gr. breytast sem hér segir:

- a) Við 2. mgr. bætist eftirfarandi málslíður:

„Hægt er að láta 20% vægi gilda um þann hluta fjármagns Fjárfestingarsjóðs Evrópu sem er skráður en ekki innborgaður.“

- b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Beita skal aðferðunum, sem frá er greint í II. viðauka, við liði utan efnahagsreiknings, sem um getur í III. viðauka, að undanskildum:

- samningum sem ganga kaupum og sölum á viðurkenndum verðbréfaþingum,
- gjaldeyrissamningum (nema samningum sem varða gull) með upprunalegan binditíma í fjórtán almanaksdaga eða minna.

Fram til 31. desember 2006 geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjum ákveðið að aðferðunum, sem um getur í II. viðauka, verði ekki beitt á samninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaða og jafnaðir af greiðsluöfnunarstöð ef sú stöð gegnir hlutverki löglegs mótaðila og allir, sem eiga hlut að þeim, leggja daglega fram tryggingu vegna þeirrar áhættu sem þeir setja greiðsluöfnunarstöðina í og veita þar með vernd, bæði gagnvart þeirri áhættu sem er fyrir hendi og hugsanlegri framtíðaráhættu. Lögbær yfirvöld skulu fullvissa sig um að það veð sem er sett veiti jafnmikla vernd og trygging samkvæmt 7. lið a-liðar í 1. mgr. og að engin hætta sé á að greiðsluöfnunarstöðin safni upp áhættu umfram markaðsvirði veðsins. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá því hvernig þau nýta þennan möguleika.“

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1.

- c) Við 4. mgr. bætist eftirfarandi undirgrein:

„Aðildarríkin geta beitt 50% vægi gagnvart liðum utan efnahagsreiknings sem eru ábyrgðir eða tryggingar sem eru í eðli sínu lánsígildi og eru að fullu tryggð, að mati lögbærra yfirvalda, með veði í fasteignum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. tölul. c-liðar 1. mgr., að því tilskildu að ábyrgðaraðilinn hafi beinan rétt til slíkrar tryggingar.“

4. Ákvæði 7. gr. breytast sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. bætist eftirfarandi við á eftir orðunum „héraðs- og sveitarstjórnir eru í ábyrgð fyrir“:

„eða eru tryggðir með fullnægjandi hætti, að mati viðkomandi yfirvalda, með veði í formi verðbréfa sem slíkar héraðs- og sveitarstjórnir gefa út.“

- b) Í 2. mgr. bætist eftirfarandi við á eftir orðunum „sem þessar stjórnir ganga í ábyrgð fyrir“:

„að meðtöldu veði í formi verðbréfa.“

5. Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 1. mgr. 7. gr. mega aðildarríkin láta 20% vægi gilda fyrir eignaliði, sem að mati viðkomandi lögbærra yfirvalda hafa fullnægjandi tryggingu með veði í verðbréfum, útgefnum af héraðs- eða sveitarstjórnunum á svæði A, inngreiðslum í öðrum lánastofnunum á svæði A en stofnuninni sem veitir lánið eða innlánskírteinum eða svipuðum skjölum sem gefin eru út af þessum lánastofnunum.“

6. Ákvæðum II. og III. viðauka er breytt eða nýir viðaukar koma í stað þeirra í samræmi við A- og B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Tilskipun 93/6/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað 10. tölul. 2. gr. komi eftirfarandi:

„10. „afleidd skjöl sem verslað er með utan verðbréfamarkaða (OTC)“: liðir utan efnahagsreiknings þar sem aðferðunum, sem mælt er fyrir um í II. viðauka tilskipunar 89/647/EBE, er beitt samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar.“

2. Í stað 5. liðar í II. viðauka komi eftirfarandi:

„5. Stofnanir skulu, við útreikning á eiginfjákröfu vegna afleiddra skjala sinna sem verslað er með utan

verðbréfamarkaðar, beita ákvæðum II. viðauka við tilskipun 89/647/EBE. Áhættuvægið, sem beitt er gagnvart viðkomandi mótaðilum, skal ákvarðað í samræmi við 9. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar.

Fram til 31. desember 2006 geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ákveðið að aðferðunum, sem um getur í II. viðauka, verði ekki beitt á samninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaða og jafnaðir af greiðsluöfnunarstöð ef stöð gegnir hlutverki löglegs mótaðila og allir, sem eiga hlut að þeim, leggja daglega fram tryggingu vegna þeirrar áhættu sem þeir setja greiðsluöfnunarstöðina í og veita þar með vernd, bæði gagnvart þeirri áhættu sem er fyrir hendi og hugsanlegri framtíðaráhættu. Lögbær yfirvöld skulu fullvissa sig um að það veð sem er sett veiti jafnmikla vernd og trygging samkvæmt 7. tölul. a-liðar í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/647/EBE og að engin hættu sé á að greiðsluöfnunarstöðin safni upp áhættu umfram markaðsvirði veðsins. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá því hvernig þau nýta þennan möguleika.“

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24 mánuðum eftir að hún tekur gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. júní 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,

J. M. GIL-ROBLES J. CUNNINGHAM

forseti.

forseti.

VIÐAUKI

A. II. viðauka við tilskipun 89/647/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrisagnarinnar komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

MEÐFERÐ LIÐA UTAN EFNAHAGSREIKNINGS“

2. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Val á aðferð

Lánastofnanir geta, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, valið aðra hvora af eftirfarandi aðferðum til að reikna út lánsáhættu í tengslum við þá samninga sem eru tilgreindir í 1. og 2. lið í III. viðauka. Lánastofnanir, sem eiga að fara að 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 93/6/EBE, skulu beita aðferð 1 sem lýst er hér á eftir. Við mat á lánsáhættu í tengslum við samningana, sem eru tilgreindir í 3. lið III. viðauka, skulu allar lánastofnanir beita aðferð 1 hér á eftir.“

3. Í 2. lið komi eftirfarandi í stað töflu 1:

„TAFLA (a) (b)

Eftirstöðva- tími (c)	Vaxta- samningar	Samningar er varða gjalddeyris- gengi og gull	Hlutabréfa- samningar	Samningar er varða aðra góðmálma en gull	Samningar er varða aðrar vörur en góðmálma
Eitt ár eða minna	0%	1%	16%	7%	10%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	0,5%	5%	8%	7%	12%
Meira en fimm ár	1,5%	7,5%	10%	8%	15%

(a) Fara skal með samninga, sem falla ekki undir neinn af flokkunum fimm í töflunni, á sama hátt og samninga um aðrar hrávörur en góðmálma.

(b) Fyrir samninga, sem fela það í sér að höfuðstóli er skipt margsinns, verður að margfalda prósentutöluna með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum.

(c) Í samningum, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera upp áfallna áhættu á tilteknum greiðsludögum, og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins verður núll á þessum tilteknu dögum, yrði eftirstöðvatíminn jafnlangur tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi. Þegar um er að ræða vaxtasamninga, sem uppfylla þessar viðmiðunarreglur og eftirstöðvatíminn er meira en eitt ár, skal hlutfallið ekki vera innan við 0,5%.

Ef reikna á út hugsanlega framtíðaráhættu í samræmi við áfanga b) geta lögbær yfirvöld leyft lánastofnunum, fram til 31. desember 2006, að nota eftirfarandi prósentur í stað þeirra sem eru í töflu 1, að því tilskildu að stofnanirnar nýti sér möguleikann, sem sem lýst er í 11. gr. a í tilskipun 93/6/EBE, fyrir samninga í skilningi b- og c-liðar í 3. lið III. viðauka:

Tafla 1a

Eftirstöðva- tími	Góðmálmar (nema gull)	Ódýrir málmar	Landbúnaðar- vörur („softs“)	Annað, þ. á m. orkuframleiðslu- vörur
Eitt ár eða minna	2%	2,5%	3%	4%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	5%	4%	5%	6%
Meira en fimm ár	7,5%	8%	9%	10%“

4. Í töflu 2 komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar í efstu línu þriðja dálks:

„Samningar er varða gjaldeyrisgengi og gull.“

5. Í lok 2. liðar bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Að því er varðar aðferð 1 og 2 verða lögbær yfirvöld að sjá til þess að nafnverðið, sem lagt er til grundvallar, sé hæfilegur mælikvarði á áhættuna sem samningurinn hefur í för með sér. Þegar til dæmis er gert ráð fyrir því í samningnum að greiðsluflæði margfaldist verður að leiðrétta nafnverðið svo að tekið sé tillit til margföldunaráhrifanna á áhættusamsetningu samningsins.“

6. Í b-lið 3. liðar bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Lögbær yfirvöld geta viðurkennt greiðslujöfnunarsamninga sem áhættuminnkandi ef þeir fela í sér gjaldeyrisamninga með upprunalegum binditíma í fjórtán almanaksdaga eða minna, skriflegan kauprétt eða svipaða liði utan efnahagsreiknings sem þessi viðauki nær ekki til af því að þessum samningum fylgir aðeins óveruleg eða engin lánsáhætta. Ef það hefur í för með sér aukningu eða minnkun eiginfjárfarkrafa að þessir samningar eru innifaldir í öðrum greiðslujöfnunarsamningum, eftir því hvort markaðsvirði samninganna er jákvætt eða neikvætt, skulu lögbær yfirvöld skylda lánastofnanir sínar til að beita samræmdri meðferð.“

7. Í ii-lið c-lið 3. liðar komi eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar og inngangsorða og fyrsta undirliðar annarrar málsgreinar:

„ii) Aðrir greiðslujöfnunarsamningar

Þegar aðferð 1 er notuð:

- er hægt, í áfanga a), að fá fram gildandi endurnýjunarkostnað fyrir þá samninga sem eru innifaldir í greiðslujöfnunarsamningi með því að taka tillit til þess áætlaða nettóendurnýjunarkostnaðar sem miðað er við í samningnum; þegar þannig háttar til að greiðslujöfnun hefur í för með sér nettóskuldbindingu fyrir lánastofnunina, sem reiknar út nettóendurnýjunarkostnaðinn, skal gildandi endurnýjunarkostnaður reiknaður sem núll;
- er hægt, í áfanga b), að lækka töluna fyrir framtíðarlánsáhættu fyrir alla samninga sem eru innifaldir í greiðslujöfnunarsamningi samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$PCE_{red} = 0,4 * PCE_{gross} + 0,6 * NGR * PCE_{gross}$$

Þar sem:

- $PCE_{red} =$ lækkaða talan fyrir hugsanlega framtíðarlánsáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og innifaldir í löggiltum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi,
- $PCE_{gross} =$ samtala fyrir hugsanlega framtíðarlánsáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og eru innifaldir í löggildum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi og reiknaðir út með því að margfalda reiknaðan höfuðstól með prósentunum sem eru gefnar upp í töflu 1,
- $NGR =$ „nettó/brúttó“- hlutfallið: Annað af eftirfarandi eftir því sem lögbær yfirvöld telja hæfilegt:
 - i) sérstakur útreikningur: hlutfallstala nettóendurnýjunarkostnaðar vegna allra samninga sem eru innifaldir í löggildum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi við tiltekinn mótaðila (teljari) og brúttóendurnýjunarkostnaður vegna allra samninga sem eru innifaldir í löggildum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi við þann mótaðila (nefnari), eða
 - ii) heildarútreikningur: hlutfallstala samanlagðs nettóendurnýjunarkostnaðar reiknuð á tvíhliða grundvelli fyrir alla mótaðila þar sem tekið er tillit til samninganna sem eru innifaldir í löggildum greiðslujöfnunarsamningum (teljari) og brúttóendurnýjunarkostnaður vegna allra samninga sem eru innifaldir í löggildum greiðslujöfnunarsamningi (nefnari).

Ef aðildarríkin heimila lánastofnunum að velja um aðferð skal þeirri aðferð sem hefur orðið fyrir valinu af samkvæmni.

Við útreikning á hugsanlegri framtíðarlánsáhættu, samkvæmt formúlunni hér að framan, má fara með nákvæmlega samsvarandi samninga, sem eru innifaldir í greiðslujöfnunarsamningi, eins og þeir væru einn samningur með reiknuðum höfuðstól sem jafngildir hreinum tekjum. Nákvæmlega samsvarandi samningar eru framvirkir gjaldeyrissamningar eða svipaðir samningar þar sem reiknaður höfuðstóll jafngildir sjóðstreymi og þar sem þetta sjóðstreymi fellur í gjalddaga á sama gildisdegi og að öllu leyti eða að hluta til í sama gjaldmiðli.

Þegar aðferð 2 er beitt í áfanga a):

- má fara með nákvæmlega samsvarandi samninga, sem eru innifaldir í greiðslujöfnunarsamningi, eins og þeir væru einn samningur, með reiknuðum höfuðstól sem jafngildir hreinum tekjum og margfalda reiknuðu höfuðstólsfjárhæðirnar með prósentunni sem er gefin upp í töflu 2.“

B. Eftirfarandi komi í stað III. viðauka við tilskipun 89/647/EBE:

„III. VIÐAUKI

DÆMI UM LIÐI UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

1. Vaxtasamningar:

- a) vaxtaskiptasamningur í einum gjaldmiðli,
- b) „basis“ vaxtaskiptasamningar („basis swaps“),
- c) framvirkir vaxtasamningar,
- d) staðlaðir framvirkir vaxtasamningar („interest rate futures“),
- e) keyptur skiptiréttur að vöxtum,
- f) aðrir svipaðir samningar.

2. Gjaldeyrissamningar og samningar er varða gull:
 - a) vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla,
 - b) framvirkir gjaldeyrissamningar,
 - c) staðlaðir framvirkir gjaldeyrissamningar („currency futures“),
 - d) keyptur skiptiréttur að erlendum gjaldeyri,
 - e) aðrir svipaðir samningar,
 - f) samningar sem varða gull, í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í a-lið til e-liðar).
3. Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í a- til e-liðar í 1. tölul. og a- til d-liðar í 2. tölul. en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:
 - a) hlutabréf,
 - b) góðmálma, þó ekki gull,
 - c) aðrar vörur en góðmálma,
 - d) aðra samninga svipaðs eðlis.“
